

Sp.

693. Tillaga til þingsályktunar

[361. mál]

um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila.

Flm.: Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Pórarinsson.

Alþingi ályktar að efla beri Menningarsjóð félagsheimila og felur menntamálaráðherra að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um sjóðinn. Endurskoðunin skal fela það í sér að sjóðurinn geti stuðlað að auknu menningarstarfi á landsbyggðinni og auðveldað þeim menningarstofnunum sem eiga að þjóna landinu öllu að gegna því hlutverki sínu. Miðað skal við að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Núgildandi lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila er að finna í lögum nr. 107 frá 28. október 1970, um félagsheimili. Þar er gert ráð fyrir að í Félagshéimilaskattrenni skemmtanaskattur svo sem segir í lögum um skemmtanaskatt, en 10% af tekjum sjóðsins skuli varið til Menningarsjóðs félagsheimila sem hafi það hlutverk að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Einnig hefur sjóðurinn heimild til þess að styrkja menningarstarfsemi utan félagsheimila „ef sérstaklega stendur á“, eins og það er orðað í lögum.

Þótt afgreiðslu frumvarps um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi verið frestað nú um sinn eru enn uppi áform um að bygging og rekstur félagsheimila færist yfir á sveitarfélögin. Frumvarpið um verkaskiptinguna gerði ráð fyrir að Menningarsjóður félagsheimila héldi tekjustofni sínum, óháð þeim breytingum.

Augljóst er að það er ástæða til þess nú að endurskoða hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila, efla hann og skapa honum víðara verksvið. Spurning er hvort ástæða er til að tengja starfsemi sjóðsins svo náð starfsemi félagsheimila sem í upphafi var gert ráð fyrir. Menningarstarfsemi fer í miklum mæli fram utan félagsheimila í kirkjum, skólum og öðrum stöðum þar sem aðstaða er fyrir hendi.

Sérstök ástæða er til þess að kanna sérstaklega með hverjum hætti sjóðurinn getur stutt menningarstarfsemi á landsbyggðinni og stuðlað að því að tengja starfsemi ýmissa stofnana hér í höfuðborginni betur landsbyggðinni. Má í því sambandi nefna Listasafn Íslands, sem nú hefur fengið mjög glæsilega starfsaðstöðu, ásamt öðrum söfnum, leikhús og aðrar menningarstofnanir. Einnig má benda á fordæmi Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem leitast hefur við á seinni árum flytja tónlist úti um land. Mælist sú starfsemi mjög vel fyrir.

Efling Menningarsjóðs félagsheimila gæti létt undir með þessum stofnunum í starfsemi þeirra, og ekki er síður nauðsynlegt að sjóðurinn haldi áfram því starfi sem innt hefur verið af hendi og komið að mjög miklu gagni, því atvinnu- og áhugafólki sem sinnt hefur menningarmálum og því hlutverki að auka menningarstarfsemi, einkum á landsbyggðinni. Þar er þörfin mjög brýn og mikill áhugi fyrir hendi.

Tillögregnin kveður á um eflingu sjóðsins og felur í sér að auka beri tekjur hans. Nauðsyn er einnig á því að endurmeta hlutverk sjóðsins miðað við breyttar aðstæður.

Eðlilegt þykir að nokkur tími gefist til þessarar endurskoðunar, en frumvarp til laga um sjóðinn gæti legið fyrir á komandi hausti og við gerð fjárlaga fyrir árið 1989 yrði tekið mið af þeim tillögum sem fyrir liggja um framtíð sjóðsins.